

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Grindavík



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	26.7.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Skeljungur	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Borgartún 26	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5902691749	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Steinar Guðnason	<b>ÍSAT nr.</b>	51.51.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	331175,074 375060,032

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust við eftirlit. Ein athugasemd er gerð við olíubirgðastöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Við komuna í Grindavík var sest yfir skráningar í rekstrarhandbók, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Þær mælingar og prófanir sem krafist er í stöðinni hafa allar verið framkvæmdar.

Skrá skal viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, magn og gerð móttekinnar úrgangsolíu, magn og gerð spilliefna og einnig skal skrá mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim. Skráningarblöð voru í dæluhúsi og ágætlega útfyllt. Olíuþykkt í olíuskilju er mæld á nokkurra mánaða fresti, en lítið álag er á skiljunni. Úrgangsolía er ekki geymd í stöðinni og spilliefni myndast ekki í stöðinni. Engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Olíubirgðastöðin var öll yfirfarin fyrir nokkrum árum, geymar og lagnir hreinsaðar og málaðar og voru bæði endurmerkt að því loknu.

Olíuleifar í frárennsli stöðvarinnar hefur verið prófað með Macherey-Nagel olíuprófi og greindist ekki olía í frárennslinu. Loki í frárennsli mengunarvarnarpóar stóð lokaður. Olíuskiljan var þjónustuð í nóvember 2015.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja.

## ATHUGASEMDIR

Girðingu þarf að yfirfara og festa betur á staura.

## ANNAÐ

Starfsleyfið rennur út 31. janúar 2018 og þarf að huga að endurnýjun fljótlega á nýju ári.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 08.08.2016

Gottskálk Friðgeirsson